



846. fundur stjórnar GSÍ, 13. febrúar 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Eggert Sverrisson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson og Gunnar Gunnarsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð frá fundi 9. janúar 2014 s.l. lögð fram og var hún samþykkt.

2. Tillaga millipinganevndar um mótamál

Gylfi gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin hélt 4 fundi og lagði megináherslu á framkvæmd og skipulag Eimskipsmótaraðarinnar. Auk nefndarmanna þá sat forseti einn fund og framkvæmdastjóri einn fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að haldið verði áfram vinna við að skoða framtíðarskipulag mótamála GSÍ og heildarendurskoðun mótamála verði tilbúin tímalega fyrir formannafund 2014.

Varðandi sumarið 2014 leggur nefndin til að mótariðin hefjist helgina 17.-18 maí og fjölgað verði úr 5 mótum í 7 mót. Ekki eru lagðar fram tillögur um breytingar á fjölda þátttakenda á árinu 2014. Þá hvetur nefndin til að umfjöllun um mótariðina verði stóraukin í miðlum GSÍ og sérstök undirsíða verði fyrir mótariðina. Þá leggur nefndin til elsti aldursflokkurinn á unglíngamótariðinni 17-18 ára flokkurinn verði leikinn samtímis Eimskipsmótariðinni.

Þá leggur nefndin til að nokkrar aðrar breytingar s.s. varðandi stigaútreikning og staðsetningu Íslandsmóta.

Samþykkt að vísa tillögum nefndarinnar til Mótanefndar GSÍ til frekari skoðunar og er nefndinni falið að kanna hvort hægt sé að koma því við að fjölga mótum á Eimskipsmótariðinni. Þá er Mótanefnd GSÍ jafnframt falið að skoða aðrar þær tillögur sem fram koma í skjali millipinganevndar.

3. Tillaga frá PGA varðandi framkvæmd unglíngamóta

Lagt fram erindi frá PGA til stjórnar GSÍ um framkvæmd unglíngamóta. PGA leggur áherslu á að reynt sé að fjölga tækifærum til handa bestu kylfingum landsins til að komast inná heimslista áhugamanna. Til að það gangi eftir þurfi flokkur 15-16 ára drengja að leika af hvítum teigum á Íslandsmóti og í flokki 17-18 ára verði mótin 54 holur. PGA leggur til að unglíngamótin hefjist á föstudegi og laugardegi og að 12 strákar og 6 stúlkur komist áfram eftir niðurskurð að loknum 36 holum og ljúki leik á sunnudegi.

PGA leggst gegn því að efsti flokkur unglínginga 17-18 ára verði leikinn samtímis Eimskipsmótariðinni, þar sem það séu litlar líkur á að WAGR samþykki það sem sérstakt mót.

Samþykkt að fela mótanefnd GSÍ að fara yfir tillögurnar og meta hvort hægt sé að koma að þeim breytingum sem lagðar eru til í erindi PGA. Þá verði tillögur PGA jafnframt skoðaðar í ljósi þeirra hugmynda sem fram hafa komið frá millipinganevnd um mótamál.



4. Tillaga afreksnefndar varðandi skiplag afreksmála
Lagðar fram tillögur frá afreksnefnd um framtíðarskipan afreksmála hjá sambandinu. Í tillögunum er gert ráð fyrir að Birgir Leifur Hafþórsson komi inn í þjálfarateymi GSÍ sem liðstjóri karla en auk landsliðsþjálfara, Úlfars Jónssonar eru í teyminu Brynjar Geirsson og Ragnar Ólafsson sem liðstjórar og Heiðar Davíð Bragason sem tengiliður landsbyggðar.
Samþykkt að byggja starf afreksþjálfunar GSÍ á tillögu nefndarinnar.
5. Breytingar á sveitakeppni eldri kylfinga
Lagðar fram tillögur frá LEK um breytingu á sveitakeppni eldri kylfinga. Tillagan gengur út á að fyrirkomulag sveitakeppni eldri kylfinga verði fært til samræmis við reglugerð um sveitakeppni GSÍ, þó með þeirri undantekningu að sveitir skulu skipaðar allt að 9 leikmönnum í stað 8.
Þá var jafnframt rætt um að fram væru komnar hugmyndir um að nauðsynlegt væri að hnika frá höggleiksforminu í neðstu deild sveitakeppni GSÍ og eðlilegt væri að sú breyting yrði jafnframt skoðuð og samræmd á milli sveitakeppni eldri kylfinga og sveitakeppni GSÍ í meistaraflokki.
Samþykkt að útfæra þessar breytingar til samræmis við tillögu LEK og fram komnar athugasemdir um breytingu á fyrirkomulagi neðstu deildar og senda klúbbunum til skoðunar.
6. Athugasemdir á lögum og reglugerðum GSÍ
Lagðir fram minnispointar frá Herði Geirssyni alþjóðadómara þar sem hann leggur til að stjórn GSÍ skoði ýmis atriði í lögum og reglugerðum GSÍ. Samþykkt að vísa minnisblaðinu til Laganefndar til frekari skoðunar.
7. Stefnumótun GSÍ
Á síðasta stjórnarfundi var Eggerti falið að leggja fram tillögur að því með hvaða hætti stjórn gæti unnið skipulega að framkvæmd og eftirfylgni á stefnu golfhreyfingarinnar. Eggert leggur til að skipaðir verði hópstjórar fyrir hvert markmið sem fram kemur í stefnunni, en það eru eftir talin markmið:
 1. Vinna að framgangi og tryggja útbreiðslu íþróttarinnar
 2. Efla samskipti innan golfhreyfingarinnar
 3. Efla barna- og unglíngastarf og stuðla að því að auka vægi fjölskyldunnar inn frekar innan golfíþróttarinnar.
 4. Stuðla að því að golfklúbbar landsins veri sem mest sjálfbærir og gangi í gegnum umhverfisvottun
 5. Styðja við íþróttina sem afreksíþrótt með því að stuðla að því að íslenskir afrekskylfingar nái árangri á alþjóðavísu.Þá er lagt til að sérstök framkvæmdanefnd um stefnumótun verði stofnuð sem fylgist með og samræmi störf hópanna og var samþykkt að varaforseti, Eggert Sverrisson leiði þá nefnd en auk hans sitji í nefndinni forseti og framkvæmdastjóri.
Samþykkt að fela framkvæmdanefndinni að leggja fram tillögur um hópstjóra hvers málaflokks.



Starfandi eru fjórar starfsnefndir GSÍ, útgáfunefnd, mótanefnd, afreksnefnd og laga- og reglugerðanefnd og er lagt til að stofnum verði sérstök fræðslu og kynningarnefnd GSÍ. Var það samþykkt og bauðst forseti til að sitja í þeirri nefnd.

8. Starfsreglur stjórnar og starfsáætlun

Lagðar fram að nýju starfsreglur stjórnar GSÍ, en fyrstu drög voru kynnt á síðasta stjórnarfundi. Lítillsháttar breytingar voru samþykktar á áður kynntum drögum og laga- og reglugerðarnefnd falið að ljúka við endanlega útfærslu reglnanna og þær verði síðan kynntar á heimasíðu sambandsins. Í reglunum er m.a. samþykkt að fundargerðir verði framvegis birtar á heimasíðu sambandsins www.golf.is.

Þá lagði framkvæmdastjóri fram tillögu að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2014 og var hún samþykkt.

9. Samstarfssamningar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að samningar hefðu tekist við ZO-ON um áframhaldandi samstarf um fatnað fyrir afrekskyflinga GSÍ og starfsmenn. Leitað var tilboða nokkurra fyrirtækja á þeim markaði og er niðurstaðan að hagstæðast sé að skipta áfram við ZO-ON. Fjárhagsnefnd hefur farið yfir tilboðin og staðfestir þessa tillögu.

10. Hugmyndir að útgáfu fræðsluefnis

Lagðar fram að nýju tillögur frá Karli Ómari Karlssyni golfkennara þar sem hann leggur til að GSÍ ráðist í gerð fræðsluefnis um með hvaða hætti sé skynsamlegt að efla barna- og unglíngastarf í klúbbunum og gerð fræðsluefnis fyrir byrjendur.

Samþykkt að vísa tillögunni til Fræðslu og kynningarefndar til frekari skoðunar.

11. Golfmót stjórnar og tengdra aðila

Lagt til að 6. júní verði golfmót stjórnar og að mökum sé jafnframt boðið til mótsins. 28. júlí að loknu Íslandsmóti verði forsetamótið þar sem formönnum allra golfklúbba er boðið til þátttöku. 21. ágúst verði síðan stjórnarmót þar sem núverandi og fyrrverandi stjórnarmönnum GSÍ er boðið til þátttöku. Framkvæmdastjóra og varaforseta falið að finna velli fyrir ofangreind mót.

12. Næsti fundur

Næsti fundur verður fimmtudaginn 13. mars kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.20:20.